



FRÉTTABRÉF HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS

15. OKTÓBER 2009

AÐGANGUR AÐ WORLD FENG

HEIMARÉTT Í WORLD FENG

EFNI BRÉFSINS:

AÐGANGUR AÐ 1
WORLD FENGHEIMARÉTT Í 1
WORLD FENGDNA- 1
GREININGHAUSTFUNDUR 1
HS

TÖKUBÁS 2

KYNBÓTA- 2
SÝNINGAR
2009

Eins og sjálfsagt margir félagsmenn hafa rekið sig á var sú nýbreytni tekin upp í vor að nú verða notendur Worldfengs að virkja aðganginn hjá sér. Áður var það þannig að nóg var að greiða félagsgjaldið til HS og þá lokaðist ekki fyrir aðganginn. Tölvupóstur var sendur út 18. júní sl. til allra sem höfðu greitt félagsgjaldið og voru með skráð netfang þar sem þetta var útskýrt. Fljótlega kom í ljós að netföngin voru mörg hver úrelt og það þýddi að engin tölvupóstur barst. Vonandi vita allir félagsmenn af þessu í dag en ef einhverjir sem lesa þetta hafa ekki komist inn í Worldfeng þá er skýringin trúlega sú að eftir er að virkja aðganginn. Endilega sendið tölvupóst á netfangið halla@bssl.is ef þið hafið ekki komist inn í Fenginn þannig hægt sé að kippa því í lag. Félagsmenn í HS eru 467 þegar þetta er ritað og hafa 288 virkjað að ganginn. Worldfengur er ómissandi fyrir ræktendur og áhugafólk um hrossarækt.



Svokölluð heimarétt var opnuð í Worldfengnum fyrr á þessu ári en þar birtast öll hross sem skráð eru á viðkomandi ræktanda. Strax í upphafi kom inn sá möguleiki að hafa eigendaskipti, skrá afdrif og athugasemdir. Nú í haust

bættist við sá möguleiki að skrá folöld og geldingu. Það er því loksins hægt að skila skýrsluhaldinu rafrænt. Skýrsluhaldið verður sent út að venju til allra skýrsluhaldara nú í haust (ætti að birtast á næstu dögum) en í heimaréttinni verður hægt að afþakka að fá sent skýrsluhald á pappír á næsta ári.

DNA-GREINING

Búnaðarsamband Suðurlands býður upp á DNA-sýnatöku úr hrossum til staðfestingar á ætterni. Hross fá í dag ekki A-vottun nema hægt sé að sanna ætterni. Tekið er við pöntunum í síma 480-1800, einnig er hægt að senda tölvupóst á netföngin halla@bssl.is og petur@bssl.is. Sýnataka fer þannig fram að tekið er stroksýni úr nös sem er einföld og örugg aðferð. Einungis eru tekin sýni úr einstaklingsmerktum hrossum, þ.e. ör- eða frostmerktum.

Haustfundur Hrossaræktarsamtaka Suðurlands

Haustfundur Hrossaræktarsamtaka Suðurlands verður haldinn í félagsheimili hestamannafélagsins Sleipnis, fimmtudaginn 22. október kl. 20:30. Guðlaugur Antonsson hrossaræktarráðunautur BÍ og Porvaldur Kristjánsson kennari við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri verða frummælendur á fundinum. Guðlaugur mun fara yfir hrossaræktarstarfið á árinu og Porvaldur kynna hvaða hestatengtnám er í boði við Lbhí.

Stjórnin hvetur félagsmenn til að fjölmenna á fundinn og taka þátt í umræðum. Kaffi og meðlæti í boði samtakanna. Sleipniskonur eru þekktar fyrir sitt góða meðlæti.

TÖKUBÁS



Lengd innan 176 cm ———
Hurðir eru utaná

Breidd utan 93 cm ———
Breidd innan 75 cm ———

Hæð á hliðum 120 cm ———

Hæð á hurð framan 110 cm ———
(hurðin 90 cm og 20 cm frá gólfi)

Hæð mesta 210 cm ———

Tökubásar eru af ýmsum gerðum og eru frábær hjálpartæki fyrir þá sem þurfa að raga í hrossum. Hér eru birt mál og teikning af tökubás sem Hólaskóli lét útbúa fyrir sig.

Ef nota á básinn til að fylskoða hryssur er mjög mikilvægt að hurðin að aftan sé ekki há, sumir leysa það með því að hafa hana tvískipta.



Göt beggja megin fremst í tökubásnum og hægt að minnka básinn eftir stærð hrossins með því að stinga röri í gegn

Hæð á hurð (aftan) 75 cm ———

KYNBÓTASÝNINGAR Á FÉLAGSSVÆÐI HS SUMARIÐ 2009

Mikil þátttaka var í kynbótasýningum sumarið 2009. Á Suðurlandi voru dæmd 1.091 hross á fjórum sýningum. Í Víðidal voru 43 hross dæmd, Sörlastaðum 263 og á Gaddstaðaflofum 785 hross (511 á vorsýningu og 274 á síðsumarsýningu). Á landsvísu voru felldir 1720 dómar en inni í þeirri tölu eru ekki hross sem dæmd voru á Fjórðungsmóti Vestlendinga en þar féllu 75 dómar. Stærsti hluti dæmdra hrossa koma til sýningar á félagssvæði HS eða 63%. Á Vesturlandi voru dæmd 100 hross (FM ekki meðtalið þar féllu 75 dómar), 498 á Norðurlandi og 31 á Austurlandi. Í töflum 1 og 2 má sjá nánari skiptingu í hryssur og stóðhesta en inn í töflurnar vantar geldinga sem voru 9. Hlutfall þeirra hrossa sem ná 8,00 eða meira í aðaleinkunn er einnig birt í töflunum. Sjá má að vorsýningarnar voru gríðarlega sterkar.

Tafla 1. Sýningar á Suðurlandi 2009, hryssur

Sýningarstaður	Fulln. dómur	Bygg. dómur	Alls	Aðaleink. 8,00 >	Hlutfall í 8,00 >
Víðidalur	20	6	26	5	25%
Sörlastaðir	166	15	181	63	38%
Gaddstaðaflatir	276	56	332	65	24%
Síðsumars. Gaddst.fl.	199	43	242	25	13%
SAMTALS	661	120	781	158	24%

Tafla 2. Sýningar á Suðurlandi 2009, stóðhestar

Sýningarstaður	Fulln. dómur	Bygg. dómur	Alls	Aðaleink. 8,00 >	Hlutfall í 8,00 >
Víðidalur	12	5	17	9	75%
Sörlastaðir	60	21	81	36	60%
Gaddstaðaflatir	130	44	174	58	45%
Síðsumars. Gaddst.fl.	24	5	29	7	29%
SAMTALS	226	75	301	110	49%

Heimild: Worldfengur